



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 30. nóvember 2022

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Knattspyrnumót í meistaraflokkum
Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara – Auknar kröfur um menntun

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ í dag 30. nóvember samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um ræðir breytingar vegna [samþykktu á ársþingi KSÍ](#) í febrúar 2022 um breytt fyrirkomulag á tilteknum knattspyrnumótum meistaraflokka fyrir keppnistímabilið 2023.

Jafnframt er í dreifibréfi þessu kynntar breytingar samþykktar á fundi stjórnar KSÍ 1. nóvember sl. og varða reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara.

Það sem samþykkt hefur verið að bæta við í reglugerð er **grænmerkt**
Það sem samþykkt hefur verið að fjarlægja úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~

REGLUGERÐ KSÍ
um knattspyrnumót

18.gr.

Knattspyrnuvellir

- 18.1. Leikir í knattspyrnumótum á vegum KSÍ skulu fara fram á leikvöllum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Eftirfarandi flokkun skal fylgt um lágmarkskröfur:

Flokkur	Karlar	Konur
A	Úrslitaleikur í bikarkeppni KSÍ	Úrslitaleikur í bikarkeppni KSÍ
B	Efsta deild Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ Úrslitaleikur í bikarkeppni neðri deilda	
C	1. deild 8 og 16 liða úrslit í bikarkeppni KSÍ	Efsta deild Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ
D	2. deild 3. deild 4. deild 5. deild Utandeild 2. aldurflokkur 3. aldurflokkur 4. aldurflokkur	1. deild 2. deild 2. aldurflokkur 3. aldurflokkur 4. aldurflokkur

Í knattspyrnumótum sem falla undir flokk D eða E skal leitast við að skulu leikir faria fram á leikvöllum með annaðhvort grasi eða knattspyrnugrasi. Mótanefnd KSÍ skal heimilt að veita félögum undanþágu frá þessari flokkun í einstökum leikjum.

19.gr.
Dómaramál

- 19.1 Með þátttökutilkynningum í landsmót og bikarkeppnir skal tilgreina nafn á einum starfandi dómara næsta keppnistímabil, fyrir hvert lið, sem tilkynnt er þátttaka fyrir. Einnig skal koma fram nafn þess sem hefur umsjón með málefnum dómara hjá félaginu.
- 19.2 KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:
- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
 - A og B deild 2. flokks karla og kvenna
 - bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
 - úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokkas.
- KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni **Utandeildar karla og 2. aldersflokks karla og kvenna**.
- 19.5 Hafi dómari eða aðstoðardómarar með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs. Þessi regla á við þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara. Sömu tímamörk gilda einnig þegar KSÍ ber ábyrgð á dómara og/eða aðstoðardómurum. Skal í slíkum tilfellum setja leikinn á að nýju á sama velli og áður. Greiðir KSÍ þá allan kostnað vegna dómara og/eða aðstoðardómara, svo og ferðakostnað aðkomuliðs. Í ~~1. deild kvenna~~, 2. deild kvenna, 3. deild karla, ~~og riðlakeppni~~ 4. deildar karla **og riðlakeppni 5. deildar karla** skal leikur þó fara fram þrátt fyrir að aðstoðardómarar tilnefndir af KSÍ mæti ekki til leiks og skal þá leikið án aðstoðardómara eða með aðstoðardómurum tilnefndum af heimaliði skv. ákvörðun dómarans. **Í Utandeild karla skal leikur fara fram þó aðstoðardómarar tilnefndir af heimaliði mæti ekki til leiks.**
- 19.7 Af hverjum leik sem fram fer í efstu-, 1.-, 2.-, 3.- ~~og~~ 4., **5. og Utandeild deild** karla og efstu- 1.- og 2. deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni A og B deildar Íslandsmóts 2. flokks karla og kvenna skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara.

23.gr.
Meistaraflokkur karla

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 2., 3., ~~og~~ 4., **5. og Utandeild** er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efsta deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru

jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

23.1 Íslandsmót

- 23.1.1 Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þáttökuliðum skipt í 5 7 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum, og 4. deild 10 liðum, 5. deild 16 liðum sem leika í tveimur riðlum og Utandeild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.
- 23.1.2 Tvö neðstu liðin í efstu deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin efsta liðið í 1. deild auk þess liðs sem sigrar umspil um laust sæti í efstu deild, sbr. gr. 23.1.8.2, færast næsta leikár upp í efstu deild.
- 23.1.3 Tvö neðstu liðin í 1. deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1. deild.
- 23.1.4 Tvö neðstu liðin í 2. deild færast næsta leikár niður í 3. deild og tvö efstu liðin í 3. deild færast næsta leikár upp í 2. deild.
- 23.1.5 Tvö neðstu liðin í 3. deild færast næsta leikár niður í 4. deild og tvö efstu liðin í 4. deild færast næsta leikár upp í 3. deild.
- 23.1.6 Tvö neðstu liðin í 4. deild færast næsta leikár niður í 5. deild og tvö efstu liðin í 5. deild færast næsta leikár upp í 4. deild.
- 23.1.7 Þau tvö lið sem enda í 8. sæti í riðlakeppni 5. deildar færast næsta leikár niður í Utandeild og tvö efstu liðin í Utandeild færast næsta leikár upp í 5. deild.
- ~~23.1.8 Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 4. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Fyrst skal fara fram riðlakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 3. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.~~
- 23.1.8 Í öllum deildum er leikin að lágmarki tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. ~~Nánar fer Keppnisfyrirkomulag Íslandsmóta meistaraflokks karla fer eftir ákvæðum 23.1.8.1-23.1.8.5. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 4. deild að víkja frá þessu ákvæði.~~
- 23.1.8.1 Í efstu deild skal leikið í tveimur hlutum. Í fyrri hluta skal leikin tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í síðari hluta skal annars vegar leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex efstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum og hins vegar skal leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex neðstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum. Þau stig sem lið hafa unnið sér inn að loknum fyrri hluta færast með inn í síðari hluta. Í síðari hluta skal leikið eftir eftirfarandi töfluröð:

Efri hluti:

1. umferð	1-6	3-5	2-4
2. umferð	6-2	3-1	5-4
3. umferð	1-5	2-3	4-6
4. umferð	4-1	2-5	6-3
5. umferð	1-2	3-4	5-6

Neðri hluti:

1. umferð	7-12	9-11	8-10
2. umferð	12-8	9-7	11-10
3. umferð	7-11	8-9	10-12

4. umferð	10-7	8-11	12-9
5. umferð	7-8	9-10	11-12

Keppni sex efstu liða í síðari hluta móts í efstu deild ræður lokaniðurstöðu um sæti 1.-6. og keppni sex neðstu liða í síðari hluta móts í efstu deild ræður lokaniðurstöðu um sæti 7.-12.

23.1.8.2 Í 1. deild er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Að lokinni tvöfaldri umferð er leikið umspil milli þeirra liða sem lenda í sætum 2. – 5. um laust sæti í efstu deild. Í umspilinu er leikið heima og heiman þar sem liðin í 2. sæti og 5. sæti annars vegar og liðin í 3. sæti og 4. sæti hins vegar mætast í undanúrslitum um sæti í úrslitaleik sem leikinn er á hlutlausum velli. Í undanúrslitum umspils skal leikið eftir eftirfarandi töfluröð:

Fyrri leikur:	5-2	4-3
Síðari leikur:	2-5	3-4

23.1.8.3 Í 2., 3. og 4. deild er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman

23.1.8.4 Í 5. deild karla er leikið í tveimur átta liða riðlum þar sem leikin er tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar. Að lokinni hefðbundinni tvöfaldri umferð í hvorum riðli er leikin úrslitakeppni tveggja efstu liða í hvorum riðli.

23.1.8.5 Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í Utandeild þegar þátttaka liggur fyrir. Heimilt er að skipta liðum í riðla eða viðhafa svæðakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 5. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd KSÍ heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.

23.1.9 Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.

23.1.10 Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu umferð fyrri og síðari hluta í efstu deildar á sama tíma. Sama gildir um síðustu umferð í 1. deild karla. Leikir í síðustu umferð deilda, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þátttöku í Evrópukeppni), skulu ávallt fara fram á sama tíma nema óviðráðanlegar aðstæður (t.d. veður) valdi að því verði ekki við komið að mati mótanefndar. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

~~23.1.11 Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (2., 3. eða 4. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.~~

23.1.11 Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 4. deild Utandeild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efstu deild, 1., 2., 3., 4. eða 5. 3- deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið tilbaka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, skal þó farið eftir næstu grein, 23.1.12 13.

23.1.12 Ef félag fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:

- a. Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þátttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu ef hann uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í 1. deild, en ella taka sæti í 2. deild. Leyfisumsækjandi í 1. deild, sem ekki hlýtur þátttökuleyfi, skal leika í 2. deild á keppnistímabilinu.
- b. Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið, sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.
- c. Ef sæti losnar í 1. deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í 1. deild, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild, o.s.frv.

23.1.13 Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálfst ferða- og upphaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

23.1.14 Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna jafnt á milli leikaðila, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við sölu aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

23.3 Bikarkeppni neðri deilda

23.3.1 Þátttaka í bikarkeppni neðri deilda er heimil þeim aðildarfélögum KSÍ sem leika í 2. og 3. deild, þeim tveimur aðildarfélögum sem féllu úr 3. deild árið áður auk aðildarfélaga sem enduðu í 3. til 8. sæti 4. deildar árið áður. Hverju aðildarfélagi er heimilt að tilkynna eitt lið til keppni.

23.3.2 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

23.3.3 Draga skal um hvaða lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli, sbr. þó gr. 23.3.5.

23.3.4 Keppnin skal hefjast í júní. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar eða annarra ástæðna.

23.3.5 Úrslitaleikur bikarkeppni neðri deilda skal fara fram á hlutlausum velli. KSÍ annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.

23.3.6 Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.

23.3.7 Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn bikarkeppni neðri deilda.

29.gr.
Meistaraflokkur kvenna

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 1. og 2. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Stærð knattar: 5.

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efstu deild kvenna, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

29.1 Íslandsmót

29.1.1 Í Íslandsmóti meistaraflokks skal þátttökuliðum skipt í þrjár deildir. Efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.

29.1.2 Tvö neðstu liðin í efstu deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í efsta deild.

29.1.3 Tvö neðstu liðin í 1. deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1. deild.

29.1.4 Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 2. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Heimilt er að skipta liðum í riðla eða viðhafa svæðakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 1. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.

29.1.5 [Keppnisfyrirkomulag Íslandsmóts meistaraflokks kvenna fer eftir ákvæðum 29.1.5.1-29.1.5.3.](#)

29.1.5.1 [Í efstu deild er leikið í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er leikin tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í síðari hluta er annars vegar leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex efstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum og hins vegar er leikin einföld umferð á milli þeirra fjögurra liða sem sitja í fjórum neðstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum. Þau stig sem lið hafa unnið sér inn að loknum fyrri hluta færast með síðari hluta. Í öllum ~~öðrum~~ deildum er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. ~~Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 2. deild að víkja frá þessu ákvæði. Í síðari hluta skal leikið eftir eftirfarandi töfluröð:~~](#)

Efri hluti:

1. umferð	1-6	3-5	2-4
2. umferð	6-2	3-1	5-4
3. umferð	1-5	2-3	4-6
4. umferð	4-1	2-5	6-3
5. umferð	1-2	3-4	5-6

Neðri hluti:

1. umferð	8-10	7-9
-----------	------	-----

2. umferð	8-9	10-7
3. umferð	7-8	9-10

Keppni sex efstu liða í síðari hluta mótis í efstu deild ræður lokaniðurstöðu um sæti 1.-6. og keppni fjögurra neðstu liða í síðari hluta mótis í efstu deild ræður lokaniðurstöðu um sæti 7.-10.

- 29.1.5.2 Í 1. deild er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman.
- 29.1.5.3 Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 2. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Heimilt er að skipta liðum í riðla eða viðhafa svæðakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 1. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd KSÍ heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.
- 29.1.6 Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.
- 29.1.7 Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu umferð fyrri og síðari hluta í efstu deildar kvenna á sama tíma. Leikir í síðustu umferð deilda, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum skulu ávallt fara fram á sama tíma nema óviðráðanlegar aðstæður (t.d. veður) valdi að því verði ekki við komið að mati mótanefndar. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessari umferð, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.
- 29.1.8 Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 2. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efstu deild eða 1. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flyst upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ skal þó farið eftir grein 29.1.9.
- 29.1.9 Ef félag fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:
- Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu.
 - Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þáttökuleyfi var hafnað skal liðið, sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.
- ~~29.1.10 Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (1. eða 2. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.~~
- 29.1.10 Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og uppihaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

29.1.11 Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við sölu aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

29.4 Samningsskylda

29.4.1 Allir leikmenn sem taka þátt í Íslandsmóti og/eða bikarkeppni KSÍ í ~~opinberum knattspyrnuleikjum á tímabilinu 1. maí til 15. október~~ í meistaraflokki með félagi sem á sæti í efstu deild kvenna skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Leikmenn 2. aldursflokks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu.

Greinargerð:

Um ræðir breytingar vegna [samþykktu á ársþingi KSÍ](#) í febrúar 2022 um breytt fyrirkomulag á tilteknum knattspyrnumótum meistaraflokka fyrir keppnistímabilið 2023. Hafa þær breytingar einnig í för með sér óhjákvæmilegar breytingar á öðrum ákvæðum í reglugerðinni. Í kjölfar samþykktu breytinga verður keppnistímabilið 2023 keppt með breyttu fyrirkomulagi í efstu deild kvenna, 1. deild karla og 4. deild karla ásamt því að keppt verður í fyrsta sinn í nýrri 5. deild karla og Utandeild karla.

REGLUGERÐ KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara

1.1. Þjálfarar sem sækja um inngöngu á KSÍ A 2 þjálfaranámskeið þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hafa gilda KSÍ B þjálfaragráðu.
- Þjálfari í a.m.k. eitt ár í 3. flokki eða eldri eftir að hafa útskrifast með KSÍ B þjálfararéttindi.
- Skulu vera aðalþjálfarar í 3. flokki eða aðalþjálfarar/aðstoðarþjálfarar í 2. flokki eða meistaraflokki á meðan náminu stendur.

Umsækjendur sem uppfylla skilyrðin hér að ofan og hafa leikið a.m.k. 10 A-landsleiki, fá sjálfkrafa sæti á KSÍ A 2 þjálfaranámskeiðinu.

Ef velja þarf á milli jafn sterkra umsókna frá tveimur eða fleiri einstaklingum þá gengur umsókn einstaklings framur sem er af því kyni sem á fæsta fulltrúa í hópi menntaðra þjálfara á skrá hjá KSÍ.

2.gr.

Menntunarkröfur

2.1. Félög skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:

Þjálfun	Aðalþjálfari	Aðstoðarþjálfari	Markmannsþjálfari
Efsta deild karla og efsta deild kvenna	KSÍ A gráða (KSÍ Pro tekur gildi fyrir keppnistímabilið 2024)	KSÍ B og A 1 (KSÍ A gráða tekur gildi fyrir keppnistímabilið 2024)	KSÍ B Markmannsþjálfaragráða (KSÍ A Markmannsþjálfaragráða tekur gildi fyrir keppnistímabilið 2024)
Efsta deild karla, 1. deild karla, 2. deild karla, efsta deild kvenna og 1. deild kvenna	UEFA Pro gráða eða KSÍ A gráða	KSÍ B gráða og KSÍ A 1 námskeið að auki	KSÍ (UEFA) A Markmannsþjálfaragráða eða KSÍ B Markmannsþjálfaragráða

3. deild karla, 4. deild karla, 2. deild kvenna og 2. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V A 1 námskeið að auki	KSÍ B gráða	KSÍ Markmannsþjálfaragráða eða KSÍ B gráða KSÍ B Markmannsþjálfaragráða
Yfirþjálfari yngri flokka	KSÍ Afreksþjálfun unglunga		
3. og 4. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V A 1 námskeið að auki	KSÍ H-KSÍ C gráða	KSÍ B gráða KSÍ B Markmannsþjálfaragráða
Yfirþjálfari í 5., 6., 7. og 8. flokki	KSÍ B gráða		
5. 6. 7. og 8. flokkur og flokkar þar sem eingöngu er keppni í 8 eða 5 manna liðum	KSÍ B gráða	KSÍ H-KSÍ C gráða	KSÍ H KSÍ Grunnnámskeið í markmannsþjálfun

3.gr.

Mat á þjálfaragráðum

- 3.1. KSÍ er aðili að þjálfarasáttmála UEFA og metur því UEFA Pro, UEFA A, UEFA Elite Youth A, UEFA Goalkeeper A, UEFA B og UEFA C þjálfaragráður frá öllum löndum Evrópu til jafns við KSÍ Pro, KSÍ A, KSÍ Afreksþjálfun Unglinga, KSÍ A Markmannsþjálfun, KSÍ B og KSÍ C gráðurnar.

4.gr.

Endurmenntun

- 4.1. Þjálfarar með KSÍ Pro, KSÍ A, KSÍ Afreksþjálfun Unglinga, KSÍ A Markmannsþjálfun og KSÍ B þjálfaragráður þurfa að sækja sér endurmenntun, lágmark 15 tíma á 3 ára fresti til að viðhalda réttindunum sínum og skila inn staðfestingu því til sönnunar til fræðslustjóra KSÍ.
- 4.2. Fræðslunefnd KSÍ ákvarðar hvað telst gild endurmenntun til endurnýjunar á þjálfararéttindunum.

Greinargerð:

Breytingartillögur, sem nú hafa verið samþykktar af stjórn KSÍ 1. nóvember sl., voru að mestu unnar af fræðslunefnd KSÍ. Þá eru breytingartillögur einnig tilkomnar vegna breytinga sem orðið hafa á leyfisreglugerð UEFA og varða kröfur til menntunar knattspyrnuþjálfara.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ